# Maintx viðhaldsstjórnunarkerfið - nú með **appi fyrir snjalltæki**

**Nýja Maintx Express appið er afar þægileg og skilvirk lausn, sem unnt er að nota hvar og hvenær sem er**



**Appið er að fullu samhæft við aðalkerfi Maintx og gengur bæði á Android og iOS tæki.**

# Lykilþættir appsins

**Nýja Maintx Express appið er hluti af samhæfðri heildarlausn MaintSoft ehf fyrir viðhald.**






Loka verki



Skrá nýtt verk



Aflestur mæla



Lager

# Loka verki

**Allar verkbeiðnir eru alltaf aðgengilegar í appinu og einfalt að loka verkinu á vettvangi og skrá allar upplýsingar þar að lútandi.**

Í Maintx Express getur þú skoðað þau verk sem úthlutað er á þig sem og önnur verk.




Í appinu getur þú lokað verki og sett inn lýsingu, aðföng og vinnustundir, skjöl, ljósmyndir og myndbönd.

Í appinu getur þú séð tengda varahluti á tæki sem þarf að laga. Þegar varahlutur hefur verið skráður í verkbeiðni og henni lokað uppfærist birgðastaða varahluta sjálfvirkt í aðalkerfinu.

Í appinu getur þú skráð tímanotkun með innbyggðum tímateljara eða handvirkt.

# Loka verki - nánar

**Í appinu er unnt að skoða verklýsingar með t.d. myndum, teikningum, leiðbeiningum og fyrirmælum, ásamt réttum varahlutum fyrir viðkomandi verk.**

**1.**




Verkbeiðnir birtast undir viðeigandi tæki

Þú velur verk af verka-listanum

**2.**




Hér getur þú skráð aðgerðir á verkið, svo sem vinnustundir og notaða varahluti. Þá getur þú líka sett inn myndir, skjöl og texta

Þegar þú lokar verkinu þá vistast það sjálfkrafa í aðalkerfinu ásamt skráðum upplýsingum

**3.**




Hér getur þú skoðað myndir, myndbönd og skjöl fyrir hvert verk

**4.**




Hér getur þú skoðað varahluti sem tilheyra verkinu

Þegar notaður varahlutur hefur verið skráður á verk og því lokað þá uppfærist birgðastaða varahluta sjálfvirkt í aðalkerfinu.

Maintsoft ehf | www.maintx.is | info@maintx.is | Sími 533 1050

# Skrá ný verk

**Með notkun appsins er unnt með öruggri aðferð að skipta út SMS skilaboðum, símtölum, tölvupósti eða öðrum leiðum við koma á framfæri  tilkynningum um bilanir í viðhaldskerfi fyrirtækisins.**




Notaðu Maintx Express til þess að velja viðeigandi eign/tæki af fyrirfram skilgreindum lista.

Veldu staðlaða lýsingu af lista eða skrifaðu eigin texta. Sendu með myndir eða myndbönd ef með þarf.

Sendu viðhaldsbeiðnina úr snjall-tækinu beint í Maintx aðalkerfið til samþykktar.

Í aðalkerfinu fer bilunin til úrvinnslu. Ef hún er samþykkt sem verk er hún strax aðgengileg í appinu.

.

# Lesa af mælum

**Í appinu er unnt að skrá upplýsingar skv. mælum, sem ekki senda rafrænt frá sér gögn. Þetta eykur skilvirkni fyrirbyggjandi viðhalds, þar sem skráningin fer sjálfkrafa á rétt verk í aðalkerfinu.**

Skynjarar og mælar fylgjast með breytingum á mæliatriðum tækja í Maintx aðalkerfinu, svo sem hristingi, hita, vatnsmagni, rafstraumi og spennu til að auka sjálfvirkni eftirlits vegna viðhalds á tækjum.

Unnt er að stilla viðmiðanir frá skynjurum og mælum fyrir tækin til þess að setja af stað skoðun eða aðrar aðgerðir á grundvelli gagna frá skynjurum og mælum.






# Lager – skoða stöðu

**Þegar varahlutur hefur verið skráður í verkbeiðni og henni lokað þá uppfærist birgðastaða varahluta sjálfvirkt í appinu.**




## Varahlutir tengdir við tæki

Í Maintx eru unnt að tengja varahluti við viðeigandi tæki sem tryggir að þú hafir alltaf upplýsingar um réttu varahlutina fyrir tækið í appinu.

## Varahlutir staðsetning

Í appinu hefur þú ávallt aðgang að stöðu varahluta, s.s. vöruflokkum, staðsetningu og fjölda sem til er.

# Lager – skrá varahluti

**Maintx Express appið veitir þann möguleika að skrá móttekna eða keypta varahluti beint í aðalkerfi Maintx.**

Í appinu er unnt að nota bæði strikamerkingar og QR kóða til þess að flýta fyrir innskráningu upplýsinga um vörukaup.



# Skjöl - skoða

**Í Maintx Express appinu getur þú skoðað skjöl, teikningar, myndir, myndskeið og vefsíður sem tengjast hverju verki fyrir sig.**




Í appinu hefur þú aðgang á þægilegan hátt að teikningum, skjölum, myndum, myndskeiðum og vefsíðum, sem unnt er að tengja við t.d. verk, tæki, varahluti, birgja og mæla.

# Ávinningur

## Styttri viðbragðstími

Þegar tilkynning um bilun berst úr appinu eða verkbeiðni er uppfærð þá fá starfsmenn í viðhaldsdeild tilkynningu um það. Þeir geta því auðveldlega forgangsraðað áríðandi verkum. Þá er aðgangur í appinu að myndum og skjölum fyrir verkið til þess að auðvelda og hraða úrvinnslu verkefnisins á vettvangi.

## Skilvirkari tilkynningar

Hver sem er í fyrirtækinu (aðgangsstýring til staðar) getur með appinu sent tilkynningu um bilun (eða ábendingu) á eign til viðhaldsdeildar með skýringum, myndum og/eða myndböndum ef við á. Tilkynningunni er síðan breytt í verkbeiðni og úthlutað á viðhaldsaðila.

## Styttri niðritími eigna

Viðhaldsaðilar geta skráð allt reglubundið fyrirbyggjandi viðhald á eignum og haldið utan um framvinduna í appinu á meðan nettengingu vantar. Þegar nettenging kemst aftur á þá uppfærast allar upplýsingar sjálfkrafa.

## Betra kostnaðaryfirlit

Viðhaldsstarfsmenn halda utan um tíma og kostnað frá því að verkbeiðni er opnuð eða einhverjir varahlutir eru notaðir. Appið veitir fyrirtækinu nákvæmar upplýsingar um umfang allra viðhaldsverkefna.

www.maintx.is